12.12.24

**Erindi frá byggðaþróunarfulltrúa neðrihluta Árnessýslu**

Fram hefur komið hugmynd um að skoða betur möguleika Flóahrepps til þess að þróa hringrásargarð (sem áður var kallaður grænn iðngarður). Hugmyndafræði hringrásargarða snýst fyrst og fremst um að finna leiðir til þess að samnýta orku og auðlinda strauma sem nýtist þegar nokkur (ólík) framleiðslufyrirtæki eru á sama/svipuðum stað og geta nýtt "hráefni" frá hverju öðru. Önnur sveitafélög á svæðinu eru þegar farin að vinna með þessa hugmyndafræði og því áhugavert að nýta sér þá þekkingu sem þar hefur myndast og yfirfæra milli svæða og/eða sveitarfélaga.

Samhliða væri áhugavert að skoða hvort Flóahreppur gæti nýtt sér þessa hugmyndafræði almennt fyrir bændur og þá sem eru með búskap. Þá væri verkefnið fólgið í að skoða hvaða "straumar" eru að koma frá ólíkri starfsemi og hvernig er hægt að nýta þá í annað (kúabú vs gróðurhúsaræktun o.s.frv.).

Undirrituð óskar eftir að sveitastjórn Flóahrepps ræði hugmyndina og sé áhugi fyrir hendi verður útfærð áætlun um verklag í samvinnu við sveitarfélagið.

Ingunn Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands

Byggðaþróunarfulltrúi neðrihluta Árnessýslu